

Snæfellsbær
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 16. október 2024
UST202409-134/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Tunga - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag í landi Litlu-Tungu.

Í erindinu kemur fram að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er um 17,4 ha landsvæði í landi Litlu-Tungu í Snæfellsbæ. Litla-Tunga er ný jörð með engum húsakosti. Auk þess kemur fram að um er að ræða uppbyggingu innan skipulagssvæðisins þar sem gert er ráð fyrir salernisbyggingu, þjónustubyggingu, göngustígum og bílastæðum.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

En með nýrri veglagningu mun verða röskun á votlendi.

Í greinargerð segir að gæta skal að öllum framkvæmdum og ekki skal raska votlendinu eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að þau skilyrði eru ekki í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Mikilvægt er að skipulagstillagan sé í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um votlendið í tillögunni og það komi fram, þar sem veglagning mun raska votlendinu, hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir að þar sem tillagan tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Auk þess eru votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi² og þar getur verið ríkulegt fuglalíf.³

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fráveita

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit⁴ um minni fráveitur hefur verið uppfært og sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ <http://www.ni.is/greinar/brokfloavist>

⁴ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%20fr%20a1veitur_LOKA.pdf